

## Fundargerð

Fimmtudaginn 28. apríl 2011 kl. 10:00 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún., á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Kári Kárason, Vignir Á. Sveinsson, Þóra Sverrisdóttir og Arnar Þór Sævarsson sem ritar fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

1. Byggðasafnið á Reykjum – Sigríður Hjaltadóttir og Sigríður Bachman mæta
2. Bréf frá Húsafriðunarnefnd dags. 15. mars 2011
3. Bréf frá Heimilisíðnaðarsafninu dags. 9. desember 2011
4. Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi
5. Kvennaskólinn á Blönduósi
6. Önnur mál

### Afgreiðslur:

#### 1. Byggðasafnið á Reykjum – Sigríður Hjaltadóttir og Sigríður Backman mæta

*Mætt eru Sigríður Hjaltadóttir og Björn Magnússon í forföllum Sigríðar Bachman.*

*Sigríður og Björn kynntu vinnu sem Sigríður Backman hefur unnið og fjallar um breytingar á safninu með það fyrir augum að tengja m.a. betur saman muni safnsins við söguna. Áætlunin gengur út á að breytingarnar á safninu taki allt að tvö ár eftir því hversu vel gengur að fjármagna verkefnið. Megin áformin snúast um að gera safnið áhugaverðara og að heimsóknunum á safnið fjölgi um leið og öll aðstaða verði bætt.*

*Sigríður og Magnús yfirgefa fundinn.*

#### 2. Bréf frá Húsafriðunarnefnd dags. 15. mars 2011

*Samkvæmt tillögu Fjárlaganefndar að fenginni umsögn Húsafriðunarnefndar var samþykkt á Alþingi að veita Kvennaskólanum á Blönduósi styrk að upphæð 2.900.000 kr. á fjárlögum fyrir árið 2011.*

*Lagt fram til kynningar.*

### **3. Bréf frá Heimilisiðnaðarsafninu dags. 9. desember 2011**

*Heimilisiðnaðarsafnið óskar eftir að byggðasamlagið taki að sér samskipti og fjárhagsleg málefni sveitarfélaga gagnvart safninu. Stjórnin samþykkir erindið enda hafa aðildarsveitarfélög Byggðasamlagsins samþykkt þessa breytingu. Framkvæmdastjóra falið svara erindi safnsins.*

### **4. Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi**

*Umræður urðu um HSB. HSB hefur verið í samstarfi við aðrar heilbrigðisstofnanir um að kortleggja það samstarf sem stofnanirnar hafa með sér nú þegar. Umræður urðu um málið.*

### **5. Kvennaskólinn á Blönduósi**

*Framkvæmdastjóri fór yfir málefni Kvennaskólans á Blönduósi rætt var m.a. um framtíðarskipulag og starfsemina í dag.*

### **6. Önnur mál**

*Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir fundi með forstjóra Landsvirkjunar þann 19. apríl s.l. Á fundinum voru áform um gagnaver á Blönduósi rædd.*

*Þjóðskjalasafn hefur óskað eftir fundi með stjórn byggðasamlagsins þann 11. maí 2011.*

*Héraðsskjalasafnið hefur gert starfsþjálfunarsamning við Vinnumálastofnun í 3 mánuði.*

*Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:10*